

124/66 Fundur Hreppsnefndar

Föstudaginn 26. apríl 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundurinn kl. 17.12

Mættir, Oddur Skúlason, Henry Ásgrímsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Steinn Karlsson og Björn Ingimarsson. Gunnlaugur boðaði forföll og Kristján Gunnarsson mættir á fundinn síðar.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Mál. Ársreikningur Þórshafnarhrepps - Seinni umræða.

- Oddviti óskaði eftir að þessari afgreiðslu yrði frestað því endurskoðandi, sem ætlaði að mæta, er veðurtepptur. Samþ. samhljóða og skýrslu endursk. dreift til fundarmanna.

2. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur 10.04.02. Samþ. samhljóða.
- Húsnæðisnefnd 16.04.02. Samþ. samhljóða.
- Skólamálaráð 18.04.02. Samþ. samhljóða, meðf.ályktun, sem gerð var á kennarafundi 16.apríl 02, var vísað til 10.liðar á dagskrá "Starfsmannamál." Kristján mætti nú á fundinn.
- Byggingarnefnd N-Þing. 16.04.02. Samþ. samhljóða.

3. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum:

- Launanefnd sveitarfélaga - samstarfsn.stéttarfé. og sálfræðinga 11.04.02 Kynning.

4. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri dreifði til fundarmanna afriti af bréfi til Félagsmálaráðun. dags. 19. apríl 02. Efni: Skuldastaða, afkoma og framtíðarhorfur í rekstri sveitarsjóðs Þórshafnarhrepps. Ársreikningur 2001 og fjárhagsáætlun 2002, var sent með bréfinu.

5. Mál. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 30.04.02.

- Stefnt að því að senda fulltrúa á fundinn og sveitarstjóra falið málið.

6. Mál. Gjaldskrárbreyting v. hádegisverðar á Barnabóli.

- Sveitarstjóri kynnti málið og lagði fram samanburðartölur á leikskólagjaldi. Oddviti bar fram eftirfarandi tillögu. Hækkun á gjaldtöku vegna hádegismatar á Barnabóli. "Fram er komin tillaga um að hækka gjald vegna hádegisverðar á Barnabóli úr kr. 110- í kr. 175- eða um 65- kr. Miðað er við að gjaldtakan nemi 50% af verði fæðis hjá grunnsk.nemum" Samþ. með 4 atkv. einn sat hjá.

7. Mál. Samningur um gerð skruðgarðs við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis 19.04.02.

- Samningurinn samþ. samhljóða.

8. Mál. Sumarstarfsemi á vegum Þórshafnarhrepps.

- Oddviti gaf sveitarstjóra orðið og kynnti hann málið.

9. Mál. Bjargnytjar.

- Oddviti óskaði eftir að sveitarstjóri læsi eftirfarandi tillögu: "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að úthlutunarreglur vegna bjargnytja í Skoruvíkurbjörgum verði þær sömu og á síðasta ári. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir umsóknum og skal skilafrestur vera til mánudagsins 6. maí

n.k. og mun úthlutun eiga sér stað degi síðar" Samþ. samhljóða.

10. Mál. Starfsmannamál.

- Eftirfarandi tillaga lögð fram: "Hreppsnefnd samþykkir framkomna tillögu um breytingu húsnæðishlunninda kennara á þann veg að á fyrsta starfsári skuli kennarar njóta fullra húsnæðishlunninda, á öðru starfsári skal greiða, sem nemur 50% af fullri húsaleigu, á þriðja starfsári 75% og á fjórða ári verða húsnæðishlunnindi að fullu niður fallin. Breyting þessi mun taka gildi frá og með næsta skólaári. Jafnframt er sveitarstjóra falið að vinna tillögur að umbunarkerfi sem stuðli að því að kennarar komi til fastrar búsetu á Þórshöfn" Samþ. samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 19.29

Kristín Kristjánsdóttir ritari.